

Skjal
Flytjandi

2b/2023
Forsætisnefndin

Þingsköp þemapping 2023 (skjal 2b/2023)

Þingfundur á þemappingi Norðurlandaráðs

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur veitt formennsku Norðurlandaráðs umboð til að vinna tillögu um sérstök þingsköp fyrir þingfundinn (gr. 21 í starfsreglum). Formennskan hefur gert eftirfarandi tillögu:

1. Hlutverk fundarstjóra

Við þingfund skal fundarstjóri tryggja að farið sé að fundarsköpum, m.a. með því að:

- *talsmönnum flokkahópa* verði – ef kostur er – veittur ræðutími í samræmi við stærð hópanna.
- allir tilkynntir dagskrárliðir fái þann umfjöllunartíma sem áætlaður hefur verið.
- hvetja til lifanda umræðna innan þess tíma sem úthlutað er.
- umræðum sé lokið þegar úthlutaður tími rennur út.

2. Reglur um ræður

Ræðutími þingfulltrúa og fulltrúa ríkisstjórnanna

- *Allar tillögur, greinargerðir, kynningar og ræður skulu fluttar í ræðustól.*
- *Þingmönnum Norðurlandaráðs og ríkisstjórnarfulltrúum* eru veittar 3 mínútur til að kynna tillögur og nefndarálit og 2 mínútur fyrir aðrar ræður.

Ræðutími áheyrnarfulltrúa

- *Fulltrúi Þingmannaráðs Sama* hefur rétt til að taka til máls undir öllum dagskrárliðum og hefur 2 mínútna ræðutíma.

Ræðutími gesta

- *Fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar* hefur rétt til að taka til máls undir öllum dagskrárliðum og hefur 2 mínútna ræðutíma.
- *Aðrir gestir þingsins* hafa rétt til að taka til máls undir liðnum „Orka og öryggi“ og hafa 2 mínútna ræðutíma undir þeim lið.



Sérstakar reglur

Varðandi dagskrárlíð 2, Orka og öryggi

- *Varaforseti Norðurlandaráðs hefur 3 mínútur*
- *Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra Íslands hefur 5 mínútur*

Varðandi dagskrárlíð 9.1, Pólitískar hugmyndir fyrir norræna framkvæmdaáætlun 2025–2030, inngangur að þemaumræðum

- *Forseti Norðurlandaráðs hefur 10 mínútur.*
- *Samstarfsráðherra Norðurlanda á Íslandi hefur 10 mínútur.*
- *Gestafyrirlesarar hafa samtals 25 mínútur.*

Andsvör

- Öll andsvör eru veitt úr eigin sæti.
- *Þingfulltrúar og fulltrúar ríkisstjórnanna* fá að veita andsvör við öllum ræðum.
- Fulltrúi, sem óskar eftir að veita andsvar við ræðu, gefur merki þar um meðan á ræðunni stendur eða undir lok hennar.
- Þeim sem andsvarinu er beint til gefst strax kostur á að svara.
- Fyrir hvert andsvar og svar við því gefst 1 mínúta.
- *Forseti* ræður fjölda og röð andsvara.
- *Forseti* getur gefið sama *þingfulltrúa* eða *fulltrúa ríkisstjórnar* allt að tvö tækifæri til andsvara í hverri umferð orðaskipta.

3. Aðrar reglur um framkvæmd þingfundar

Sætaskipan í salnum

- *Þingmenn Norðurlandaráðs* sitja með flokkahópum sínum. Vinstri flokkarnir sitja ef kostur er vinstra megin í salnum og hægri flokkarnir hægra megin, séð frá ræðustól.
- *Ráðherrar og gestir hafa hver um sig tvö sæti.*
- *Þingmannaráð Sama* og *Norðurlandaráð æskunnar* fá tvö sæti hvort.
- *Norðurlandaráð æskunnar* hefur tvö sæti sem *Norðurlandaráð æskunnar* getur skipað að eigin vild miðað við þingdagskrá.

Atkvæðagreiðslur

- Atkvæðagreiðslur verða rafrænar. Verði sú tækni ekki tiltæk mun skrifstofa *Norðurlandaráðs* halda utan um atkvæðagreiðslur eftir öðrum leiðum.

Fundargerð

- Skráningar í fundargerð á þinginu fara fram með hjóðupptöku.

Forsætisnefnd vísar að öðru leyti í starfsreglur *Norðurlandaráðs*.